LÍ-253 **Spaakone Jøkel i Island.** 35 x 48 cm Ólia á striga Forvörður: Steinunn Harðardóttir	

Lýsing og ástand

Verkið er vel strekkt en örlítið undið. Striginn er öðruvísi en aðrir strigar hingað til - ekki tjörustrigi. Næstum eins og allur striginn hafi verið straujaður á einhverjum tímapunkti en eitthvað er samt af trénöglum.

Málningarlagið er aðeins illa farið. Núist hefur mikið af málningnunni í efstu punktum. Örlitlar málningarflögur hafa flagnað af heilt yfir málverkið og sést í það sem virðist vera dökkblátt undirlag, allavega í himninum. Flagnað hefur af á stærri svæðum efst í fjallinu og víða nálægt brúnum. Verkið virðist skítugt en óvíst hvort það sé lélegt ástand málningarlagsins og dökka undirlagið að blekkja augað.

Ekki sama týpa af blindramma og flestar hinar - breiðari. Nokkuð farið af gyllingunni og ramminn mjög skítugur. Skíturinn felur kannski aðeins hversu mikið er farið í raun og veru.

Tillaga um meðferð

Hreinsun? - veit ekki hversu skítugt verkið er í raun og veru - þyrfti meiri prufur - og jafnvel þó það sé skítugt þá yrði mjög erfitt að hreinsa verkið án þess að trufla við dökka undirlaginu. Tryggja málningarflögur og fylla og bletta í stærri skemmdir. Hef efasemdir um að ásýnd verksins breytist mikið.

Kom í ljós að Ólafur Ingi Jónsson, forvörður hafði hreinsað myndina áður.

Meðferð

Fyllt í og blettað í áberandi skemmdir.

Ástand eftir meðferð

Stöðugt

Í upprunalegum ramma.